



Þar sem landið hefst

Where the Land Begins

Verk úr safneign Museum Collection

Þar sem landið hefst

Upplifun af landslagi er grunnur mannlegrar tilveru. Manneskjan lifir af landinu, í landinu og á því, skynjar það, virðir og hræðist það jafnvel. Manneskjan hefur einnig áhrif á umhverfi sitt, gengur á landið, breytir landslagi, eyðileggur og tekur pláss. Hún getur upplifað sig smáa og varnarlausa gagnvart náttúruöflunum. En hún getur líka upplifað sig æðri og mikilvægari en landið sem hún gengur yfir. Alltaf eigum við í stöðugu sambandi við landið, öllum stundum. Sama hvar við erum stödd á jörðinni. Landið er alltumlykjandi.

Titill sýningarinnar er sóttur í samnefnt verk úr safneign og vísar ekki aðeins til landsins sjálfs heldur þess augnabliks þegar náttúra verður að landslagi. Íslensk náttúra hefur lengi verið eitt helsta viðfangsefni íslenskrar myndlistar. Í fyrstu getur vírst sem landslagsmálverk sé einfaldlega eftirlíking af landslagi, tvívið mynd af þvíðum veruleikanum. En listaverk eru þeim eiginleika gædd að vera sköpunarverk manneskju sem óhjákvæmilega setur hluta af sjálfri sér í verkið. Tilfinningalíf listamannsins hefur áhrif á útkomu verksins og skín í gegnum það. Sömuleiðis hefur tilfinningalíf áhorfandans áhrif á hvaða augum hann lítur það. Sama fjallið, sama hraunið eða sami sjóndeildarhringurinn getur borið ólíka merkingu eftir því hver horfir á það. Landslagið verður þannig til í samtali náttúrunnar, listamannsins og áhorfandans.

Where the Land Begins

Our experience of landscape lies at the heart of human existence. We live from the land, within it, and upon it. We perceive it, depend on it, and often regard it with a mixture of awe and respect. At the same time, we shape our surroundings, we alter the landscape, exploit its resources, transform it, and claim space within it. At times we feel small and vulnerable in the face of nature's immense forces; at others, we place ourselves above the land we inhabit. Yet regardless of where we are in the world, we remain in constant relationship with the land. It surrounds us, always.

The title of the exhibition *Where the Land Begins* is borrowed from a work of the same name in the museum's collection by the artist Sigríð Valtingoer. Rather than referring solely to the land itself, it invites us to consider the moment when nature becomes landscape.

For generations, the Icelandic landscape has been one of the central subjects of Icelandic art. At first glance, a landscape painting may appear to be nothing more than a representation of a place, a two-dimensional image of a three-dimensional reality. Yet every work of art is shaped by the person who creates it. The artist inevitably leaves something of themselves within the work, and their emotions, memories, and experiences become part of its expression. Likewise, the viewer brings their own experiences and emotions to the encounter. The same mountain, the same lava field, or the same horizon may carry entirely different meanings depending on who is looking. Landscape is therefore created through an ongoing dialogue between nature, the artist, and the viewer.

Á safneignarsýningunni Þar sem landið hefst eru sýnd valin verk úr safneign Listasafns Árnesinga. Safneignin telur í dag tæplega 600 verk, það elsta frá 1900 og það nýjasta frá 2025. Stiklað er á stóru í gegnum sögu listasafnsins og minning Bjarnveigar Bjarnadóttur og Halldórs Einarssonar heiðruð, en framlag þeirra skipti sköpum fyrir stofnun safnsins.

Bjarnveig Bjarnadóttir lagði grunninn að Listasafni Árnesinga þegar hún gaf Árnésingum málverkasafn sitt, þann 19. október 1963. Við formlega athöfn í bogasal Þjóðminjasafns Íslands afhenti hún 41 málverk eftir sautján listamenn, sem allir voru meðal helstu listamanna landsins á þeim tíma. Draumur Bjarnveigar var að fólk í sveitum landsins fengi notið myndlistar, en safnið er það fyrsta sem opnað var utan höfuðborgarsvæðisins. Hún vildi að sem flestir fengju að kynnast verkunum og njóta þeirra, ekki síst börn. Vonaðist hún til að skólar héraðsins myndu kynna nemendum sínum verkin. Upphaflega var Byggða- og listasafn Árnesinga til húsa við Tryggvagötu 23 á Selfossi en listasafnið festi kaup á húsnæði listskálans í Hveragerði um aldamótin og opnaði þar árið 2001.

Önnur mikilvæg gjöf til safnsins var frá Halldóri Einarssyni tréskurðameistara en hann gaf safninu árið 1969 allt tréverkasafn sitt, ásamt peningagjöf upp á 10.000 dollara.

Halldór Einarsson ólst upp í Brandshúsum í Flóa. Hann lærði tréskurð hjá Stefáni Eiríkssyni í Reykjavík og fluttist svo til Vesturheims árið 1922 þar sem hann dvaldi næstu 43 árin. Þar af bjó hann í 20 ár í einsetukofa í skógi fyrir utan Chicago. Allan tímann vann hann við tréskurð, skreytti húsgögn og skar út skúlpúra í tré. Halldór fékkst við ýmis viðfangsefni í skúlpúrurum sínum en auk tréskurðar hjó hann einnig út í marmara og stein. Hann gerði skúlpúra af dýrum og fólki, sum verkanna voru trúarlegs eða andlegs efnis og oft hlaðin táknum. Halldór var í nánum tengslum við náttúruna og dýralíf í skóginum fyrir utan Chicago og bera verk hans þess merki.

Á safneignarsýningunni Þar sem landið hefst eru verk eftir listamenn á borð við Ásgrím Jónsson og Jóhannes S. Kjarval sett í samtal við nýrri verk eftir íslenska og erlenda listamenn, sem og valda skúlpúra eftir Halldór Einarsson. Verkin eiga það sameiginlegt að vísa á einhvern hátt í náttúru og landslag en aðferðir, efnisnotkun, litaval og sjónarhorn listamannanna eru ólík.

Sýningin býður upp á samtal um landslagsmálverkið og þróun þess, samspil manns og náttúru, virðingu fyrir umhverfi okkar og þá merkingu sem við gefum landslaginu.

Where the Land Begins presents a selection of works from the collection of LÁ Art Museum. Today the collection comprises nearly 600 works, ranging from the oldest, created in 1900, to the most recent acquisitions from 2025.

The exhibition traces key moments in the museum's history while paying tribute to the memory of Bjarnveig Bjarnadóttir and Halldór Einarsson, whose generosity and vision were instrumental in the founding of the museum.

Bjarnveig Bjarnadóttir laid the foundation for Listasafn Árnesinga when, on the 19th of October, 1963, she donated her personal collection of paintings to the people of Árnes-sýsla. During a formal ceremony at the National Museum of Iceland, she presented forty-one paintings by seventeen artists, all of whom were among Iceland's leading painters of the time. Bjarnveig believed that people living in rural communities should have the opportunity to experience art, and the museum became the first art museum established outside the Reykjavík capital region. She wished the collection to be accessible to as many people as possible, especially children and hoped that local schools would introduce students to the artworks. Originally housed at Tryggvagata 23 in Selfoss, the museum acquired the former Art pavilion (Listaskálinn) in Hveragerði around the turn of the millennium and opened there in 2001.

Another significant contribution came from the master wood-carver Halldór Einarsson, who, in 1969, donated his entire collection of wood sculptures to the museum together with a monetary gift of \$10,000.

Like many Icelanders Halldór Einarsson emigrated to North America due to a combination of devastating natural disasters, severe economic hardship, and social pressures at home, contrasted with the promise of free land abroad. Icelanders who moved west to North America during the mass migration period of the late 19th and early 20th centuries are called Vestur-Íslendingar, which translates to "Icelanders of the West" or "Western Icelanders". Halldór Einarsson grew up at Brandshús in the Flóahreppur municipality in the south of Iceland. He studied woodcarving under Stefán Eiríksson in Reykjavík before emigrating to North America in 1922, where he lived for the next forty-three years. For twenty of those years he resided alone in a cabin in the woods outside Chicago. Throughout his life he devoted himself to carving wood, decorating furniture, and creating wooden sculptures. His artistic subjects ranged widely: alongside woodcarving he also worked in marble and stone, producing sculptures of animals and people, as well as works inspired by religious and spiritual themes, often rich in symbolism. Living in close proximity to the forests and wildlife surrounding his home outside Chicago profoundly influenced his work, and his deep connection to nature is evident throughout his sculptures.

In *Where the Land Begins*, works by artists such as Ásgrímur Jónsson and Jóhannes S. Kjarval enter into dialogue with more recent works by Icelandic and international artists, alongside selected sculptures by Halldór Einarsson. While the works all engage with nature and landscape, they do so through diverse materials, techniques, colour palettes, and perspectives. The exhibition invites visitors to reflect on the evolution of landscape painting, the relationship between humanity and nature, our responsibility towards the environment, and the meanings we continue to project onto the landscape.